

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

10. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS  
KJÖRTÍMABILÍÐ 2022-2026 14.4.2023

Árið 2023, Föstudaginn 14. apríl 2023 kl. 9:00, var haldinn 10. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri.

Mættir voru á fundinn:

Bragi Þór Thoroddsen, Aníta Björk Pálínudóttir og Jónas Ólafur Skúlason. Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti var í fjarfundi.

Bragi Þór Thoroddsen ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundinum að ganga til dagskrár. Sveitarstjóri óskaði eftir að fundur yrði lokaður. Fundur ákvað að hafa umræður fyrir luktum dyrum við afgreiðslu liða 1-4.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 10. fund sveitarstjórnar.
2. Breytt kröfugerð íslenska ríkisins í Óbyggðanefndarmálum á svæði 10B, – Landslög dags. 24.3.2023 sbr. tp. frá lögmanni Súðavíkurhrepps.
3. Umfjöllun um erindi frá landeigendum Kleifa í Skötufirði, bréf dags. 27.3.2023.
4. Tillaga að samstarfi um velferðarþjónustu á Vestfjörðum – samningur um velferðarþjónustu-  
breytingar.
5. Drög að stefnu í málefnum sveitarfélaga (hvítbók) í samráðsgátt stjórnvalda.
6. Umsagnarmál og fundargerðir til kynningar:
  - a. Aðalskipulagsbreyting – Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020, landfylling.
  - b. Aðalskipulagsbreyting – Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020, ofanflóðavarnir Flateyri.
  - c. Fundargerð 141. fundar Náttúrustofu Vestfjarða.
  - d. Fundargerð 142. fundar Náttúrustofu Vestfjarða.
  - e. Fundargerð 451. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands.
  - f. Fundargerð 920. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
  - g. Fundargerð 921. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
  - h. 80. mál frá nenda- og greiningarsviði Alþingis.
  - i. 860. mál frá nenda- og greiningarsviði Alþingis.
  - j. 914. mál frá nenda- og greiningarsviði Alþingis.
  - k. 915. mál frá nenda- og greiningarsviði Alþingis.
7. Landfylling við Langeyri – verkstaða.
8. Gyrðingarmál – beitarhólf Mjóifjörður/Ísafjörður.
9. Ljósleiðari og þrífösun – Álftafjörður inn í Hattardal.
10. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga – breytt regluverk.

ABP  
JS  
EAT

## Afgreiðsla erinda:

### 1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 10. fund sveitarstjórnar.

Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.

Sveitarstjóra falið að halda frami þeirri afstöðu Súðavíkurhrepps að breytingum á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, eins og þær liggja fyrir, sé mótmælt hvað varðar úthlutun til einstakra sveitarfélaga og setur fyrirvara við markmið með breytingum og setur fyrirvara við lögmætisreglu.

Staðfest ákvörðun sveitarstjórnar frá því í vetur um að styrkja Björgunarsveitina Kofra til kaupa á björgunarbát um 2 mkr. og sveitarstjóra falið að ganga frá þeirri greiðslu.

Sveitarstóra ásamt Jónasi Ólafi Skúlasyni falið að semja við Tígur ehf. um framhald samnings eða gerð nýs samnings um snjómokstur.

Samþykkt beiðni Karlottu Dúfu Markan um greiðslu launa fyrir ferð í Skólahreysti.

Sveitarstjórn leggur til að skoðaður verði samningur um rekstur mötuneytis og fyrirkomulag fyrir næsta skólaár.

### 2. Breytt kröfugerð íslenska ríkisins í Óbyggðanefndarmálum á svæði 10B, – Landslög dags. 24.3.2023 sbr. tp. frá lögmanni Súðavíkurhrepps.

Sveitarstjóra falið að halda úti vörnum vegna viðbótarkrafna er varða nýja kröfulýsingu íslenska ríkisins í Óbyggðanefndarmálum – svæði 10B.

### 3. Umfjöllun um erindi frá landeigendum Kleifa í Skötufirði, bréf dags. 27.3.2023.

Sveitarstjórn stendur við ákvörðun um fyrri afstöðu að halda óbreyttri kröfugerð á hendur íslenska ríkinu.

### 4. Tillaga að samstarfi um velferðarþjónustu á Vestfjörðum – samningur um velferðarþjónustu- breytingar.

Sveitarstjórn samþykkir Samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum.

### 5. Drög að stefnu í málefnum sveitarfélaga (hvítbók) í samráðsgátt stjórnvalda.

Kynnt sveitarstjórn, sveitarstjóra falið að setja inn athugasemdir.

### 6. Umsagnarmál og fundargerðir til kynningar:

- a. Aðalskipulagsbreyting – Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020, landfylling. Súðavíkurhreppur veitir jákvæða umsögn.
- b. Aðalskipulagsbreyting – Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020, ofanflóðavarnir Flateyri. Súðavíkurhreppur veitir jákvæða umsögn.
- c. Fundargerð 141. fundar Náttúrustofu Vestfjarða.
- d. Fundargerð 142. fundar Náttúrustofu Vestfjarða.
- e. Fundargerð 451. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands.
- f. Fundargerð 920. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- g. Fundargerð 921. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- h. 80. mál frá nenda- og greiningarsviði Alþingis.

- i. 860. mál frá nenda- og greiningarsviði Alþingis.
  - j. 914. mál frá nenda- og greiningarsviði Alþingis.
  - k. 915. mál frá nenda- og greiningarsviði Alþingis.
- Annað lagt fram til kynningar.

**7. Landfylling við Langeyri – verkstaða.**

Verkstaða kynnt og rædd.

**8. Gyrðingarmál – beitarhólf Mjóifjörður/Ísafjörður.**

Sveitarstjórn fagnar umræðum um beitarhólf og mun funda um málið í viðkomandi nefnd og leggja fyrir sveitarstjórn til afstöðu síðar.

**9. Ljósleiðari og þrífösun – Álftafjörður inn í Hattardal.**

Sveitarstjórn fagnar þeirri niðurstöðu að farið verði í lagningu ljósleiðara og þrífásatengingu inn í Hattardal í sumar.


**10. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga – breytt regluverk.**

Sveitarstjórn ræddi þá stöðu sem fram er komin með breyttu regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og felur sveitarstjóra að leggja fram og kynna þá afstöðu sem þarf.


Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:25


**Bragi Þór Thorodsen**



**Jónas Ólafur Skúlason**



**Aníta Björk Pálínudóttir**



**Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti**